

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	22.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10, 101 - R	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Þorkell Árnason	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	Staðsetning	381456,135 435175,315

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. að Litla-Sandi og Digralæk (Miðsandi), Hvalfirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 133.000m³ af olíu og bensíni og móttaka á úrgangsolíu er einnig hemil. Heimild er fyrir 6.850m³ ofanjarðar á Litla-Sandi og allt að 12.700m³ af olíu í hverjum geymi, neðanjarðar á Digralæk (Miðsandi).

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang og breytingar á rekstri
- Frágangur birgðageyma, verkstjórn og verkferlar
- Vöktunarmælingar
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og þjálfun starfsfólks
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Skráning geyma og lagna
- Kynning á meðfylgjandi viðhengjum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram í síðasta eftirliti, árið 2021 en ein ábending var sett fram er varðar orðalag í tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda. Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Í stöðinni eru alla jafna geymd olíuefni sem notuð eru við gerð eldsneytis (Alkalyte) sem og tilbúið bensín. Er eftirlit fór fram stóð stöðin tóm og engin olíuefni hafa verið í geymunum síðan í september 2021. Verið var að lofta geymana. Ekki er vitað hvenær fyllt verður aftur á stöðina. Eftirlit og vöktun verður áfram með stöðinni skv. verklagsreglum þar um. Engin áfylling olíuefna á flutningsbíla fer fram í stöðinni.

Allt lagnakerfið var þrýstiprófað í júlí sl. Lagnirnar voru tengdar saman og prófaðar sem ein heild. Lagnirnar stóðust þrýstiprófið og áframhaldandi notkun þeirra leyfð. Allir olíugeymar voru botnþykktarmældir árin 2016-2017, bæði á Litla-Sandi og Miðsandi, alls 15 geymar. Allar olíulagnir voru þrýstiprófaðar í september 2017 og voru í lagi. Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi skal þykktarmæla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa lagnir á 5 ára fresti. Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn. Mikilvægt er að katóðukerfinu sé vel viðhaldið og minnt er á það. Katóðutæringarvarnir voru endurnýjaðar árið 2020.

Sjálfvirkir olíuskynjarar eru staðsettir í frárennsli stöðvarinnar og loka þeir fyrir streymi út úr stöðinni ef olía skynjast í frárennslinu. Starfsmenn fá send sjálfvirk boð ef skynjarar nema olíu í frárennsli en ekkert álag

er á skiljunum á meðan stöðin stendur tóm. Taka skal sýni að lágmarki þriðja hvert ár úr olíuskiljum skv. gr 4.3 í starfsleyfi.

Gufuendurnýtingarbúnaður er í stöðinni og staðsettur á Litla-Sandi fyrir báðar stöðvarnar. Búnaðurinn var þjónustaður í júní sl. og mælingar gerðar. Skýrsla um mælinguna var afhend í eftirlitinu og þar kemur fram að gildi bensíngufa í útblæstri frá gufuendurnýtingarbúnaðinum var innan greiningarmarka enda ekkert bensín í stöðinni.

Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengileg er í stöðinni. Litið var yfir skráningar á mánaðarblöð í rekstrarhandbók og ekki gerðar athugasemdir þar um. Áætlanir eru rýndar með reglulegum hætti og nýjar uppfærslur vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók. Eftirliti með stöðinni er stýrt frá stöðinni í Örfirisey og er myndavélakerfi með hreyfiskynjurum tengt þangað. Vaktmaður kemur daglega og skoðar geyma, lagnir og annan búnað í stöðinni. Hæðarmælur í olúgeymum gegna hlutverki birgðaeftirlits. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 gildir til ársins 2023.

Lítill sem engin úrgangur kemur frá stöðinni. Ekki hefur orðið breyting á tilhögun úrgangsflokkunar og söfnunar í stöðinni frá síðasta eftirliti.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir í stöðinni og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Minnt er á að gæta þarf að orðalagi tryggingaskírteinisins til samræmis við ábendingu síðasta eftirlits.

Fundað var á Miðsandi og litið yfir svæðið að fundi loknum. Ekið var að Litla-Sandi, gengið um stöðina, girðingar skoðaðar og stóðu hlið læst við komu. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Engar ábendingar voru settar fram við skoðunina.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAD

Meðfylgjandi fundarboðinu var sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig fylgdi kynning um stjórnvaldssektir og er rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana sem og leiðbeiningar um notkun efna við hreinsun stranda og mannvirkja innan hafnarsvæðis.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 03.10.2022

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Arnadóttir